

Úrskurður nr. 10/2010.

Í dag var hjá embætti Tollstjóra kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Kærandi: J

Kæruefni: Synjun Tollstjóra um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnu ökutæki sem flutt hefur verið úr landi.

I. Kæra

Með bréfi, dags. 10. mars 2010, hefur L f.h. J, kært skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 synjun Tollstjóra, dags. 11. janúar sl., um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutæki með fastnúmer X sem flutt var úr landi þann 3. júní 2009 með sendingu nr. U NOR 03 06 9 IS SEY T001.

Kærandi krefst þess að ofangreind ákvörðun um synjun endurgreiðslu verði felld úr gildi og endurgreiðsla heimilud.

II. Málsmeðferð

Þann 29. maí 2009 sótti kærandi um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts vegna bifreiðinnar X á þar til gerðu eyðublaði. Bifreiðin var flutt úr landi þann 3. júní 2009 með ferjunni Norrænu. Númer sendingar var U NOR 03 06 9 IS SEY T001. Tollverðir skoðuðu bifreiðina og gerðu enga athugasemd við ástand hennar. Bifreiðinni var ekið frá Esbjerg í Danmörku til S þar sem kærandi hefur aðgang að sumarhúsi. Með bréfi Tollstjóra, dags. 11. janúar 2010, var umsókn um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts hafnað, byggt á því að ökutækið hafði ekki verið afskráð hjá Umferðarstofu. Ákvörðun um höfnun var kærð með bréfi, dags. 10. mars 2010.

III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi byggir kæru sína á því að hún hafi af fremsta megni reynt að uppfylla lagaskilyrði fyrir endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts. Hið eina sem eftir standi sé afskráning bifreiðarinnar til nota hér á landi, sem orsakist af ákveðnum ómöguleika til að uppfylla það skilyrði. Kærandi heldur því fram að komið hafi í ljós að skráningarreglur bifreiða á Íslandi og S væru ekki alveg sambærilegar hvað varðar lögskyldan búnað ökutækja. Ákveðnar breytingar séu nauðsynlegar og erfitt sé að ná í

hluta sem vantar, þar sem bifreiðin komi upprunalega frá Bandaríkjunum. Kærandi heldur því fram í kærinni að verið sé að vinna í bifreiðinni og gengið verði frá afskráningu hjá Umferðarstofu þegar gengið hefur verið frá skráningu á S.

IV. Niðurstöður

Með lögum nr. 140/2008 bættust ný ákvæði til bráðabirgða við lög um vörugjald af bifreiðum nr. 29/1993 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Ákvæðin tóku gildi þann 15. desember 2008. Samkvæmt þeim er heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af vélknúnum ökutækjum sem flutt eru úr landi. Heimild til endurgreiðslu gjaldanna gildi til og með 31. desember 2009 og annaðist Tollstjórinn í Reykjavík, nú Tollstjóri, endurgreiðsluna. Í reglugerð nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi er að finna nánari útfærslu á bráðabirgðaákvæðunum. Ágreiningur í fyrirbyggjandi máli snýst um hvort skilyrði laganna til endurgreiðslu séu uppfyllt.

Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum til bráðabirgða er skilyrði endurgreiðslu að ökutækið hafi verið afskráð og flutt úr landi, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Í 2. tl. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að skilyrði fyrir endurgreiðslu sé að skráningarnúmer ökutækis skuli hafa verið afhent Umferðarstofu, ökutækið afskráð til nota hér á landi og fyrir liggi upplýsingar þar að lútandi við afgreiðslu umsóknar um endurgreiðslu hjá Tollstjóra. Reglan er því sú að bifreiðar skulu hafa verið afskráðar áður en þær voru sendar úr landi.

Í því máli sem hér liggur fyrir var bifreiðin flutt úr landi þann 3. júní 2009. Með bréfi, dags. 11. janúar 2010, hafnaði embætti Tollstjóra umsókn kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts og vörugjalds. Bifreiðin hefur ekki verið afskráð hjá Umferðarstofu í lok maí 2010 og ekki hafa verið lögð fram gögn um að gengið hafi verið frá skráningu á S, þrátt fyrir að tæplega ár sé liðið frá því að bifreiðin var flutt úr landi.

Kærandi hefur ekki fært rök fyrir þeirri staðhæfingu sinni að ákveðið misræmi sé milli reglna um lögskyldan búnað ökutækja á Íslandi og á S og þá hver þessi munur er. Á Íslandi er í gildi reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, sem tók gildi þann 24. september 2004. Með henni var felld úr gildi reglugerð nr. 308/2003 um gerð og búnað ökutækja. Reglugerð nr. 822/2004 var sett til innleiðingar á gerðum I. og II. kafla II. viðauka og 17. töluliðar XIII. viðauka við EES-samninginn og vísar hún í reglugerðir og tilskipanir EB. Reglur á þessu réttarsviði eru því að einhverju leyti samræmdar á Íslandi og S, sem eru aðilar að EES í gegnum EFTA og ESB. Í 26. gr. reglugerðarinnar um gildistöku hennar kemur fram að ákvæði reglugerðarinnar gilda um ökutæki sem skráð verða, viðurkennd eða tekin í notkun í fyrsta sinn 1. janúar 2005 eða síðar, nema annað sé ákveðið. Bifreiðin sem hér um ræðir var nýskráð á Íslandi þann 5. júlí 2005, svo nauðsynlegt var að bifreiðin uppfyllti skilyrði reglugerðarinnar til að fá skráningu hér á landi. Því er ekki hægt að fallast á rökfærslu kæranda fyrir því að bifreiðin hafi ekki verið afskráð til nota hér á landi, tæplega ári eftir að hún var flutt úr landi.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. fyrrgreindum ákvæðum til bráðabirgða og ákvæðum reglugerðar nr. 1144/2008 eru ekki uppfyllt.

Ofangreindri umsókn um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts var því með réttu hafnað með vísan til ákvæðis nr. XI í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og ákvæði til bráðabirgða nr. XIII í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

ÚRSKURÐARORÐ

Embætti Tollstjóra úrskurðar samkvæmt 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnum ökutækjum, að ákvörðun Tollstjóra, dags. 11. janúar 2010, um synjun umsóknar um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af bifreið með fastnúmer X sem flutt var úr landi þann 3. júní 2009 með sendingu nr. U NOR 03 06 9 IS SEY T001, er staðfest.

Kæruréttur

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1144/2008.